

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 29. júní 2011 staðfest aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Um leyfi sveitarstjórnar á hverfisverndarsvæðum fer samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og lögum um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi aðalskipulag Borgarbyggðar 1997-2017 frá 20. júní 2001, aðalskipulag Hvítársíðuhrepps 2003-2015 frá 28. september 2006 og aðalskipulag Reykholts frá 12. september 2007, með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 29. júní 2011.

Svandís Svavarsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.